

Alþingi
Erindi nr. P 137/600
komudagur 10.7.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Gautur Sturluson
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. júlí 2009
2009060015/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um hvalveiðar

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um hvali, 112. mál, heildarlög. Í 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram: *Hvalastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun hvala samhliða hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu hvalastofna. Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hufréttarsamnings Samveinuðu þjóðanna.*

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki vanþörf á að skýra lagaákvæði er varða vernd og nýtingu hvalastofna. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar þá aðferð sem hér er notuð að semja sérlæg um einn ættbálk dýra gamaldags og ekki í samræmi við önnur lög í landinu. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru sett árið 1994. Þar er sérstaklega tekið fram að hvalir og selir heyri ekki undir þau lög. Mun nær hefði verið að setja nú lög um vernd og nýtingu allra sjávarspendýra við Ísland, en t.d. lög um seli og stjórn selveiða er mjög takmörkuð og stjórnsýsla á reki, og samræma við lög nr. 64/1994. Það er að mörgu leyti undarlegt að árið 2009 skuli enn litið á hvali og seli með öðrum hætti en önnur spendýr t.d. hvað varðar vernd, nýtingu og dýravernd almennt. Einnig er það mat Náttúrufræðistofnunar að eðlilegt væri að nýting og vernd lifandi auðlinda væri í einum og sama lagabálknum en ekki dreift eftir, að því er virðist, tilteknum hagsmunahópum í þjóðfélaginu í stað þess að taka mið af vistfræðilegri nálgun, sbr. alþjóðaskuldbindingar Íslands s.s. er varðar samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreind lög um hvali séu ekki í anda nútíma laga um sjálfbæra nýtingu dýrastofna. Þessu sjónarmiði til rökstuðnings vill stofnunin benda á nokkur atriði sem betur mættu fara í lögnum og eru ekki ásættanleg t.d. með vísun í vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun telur að lögin eigi fyrst og fremst að tryggja verndun/friðun hvala þ.e.a.s. að almenna reglan eigi að vera sú að hvalir séu friðaðir nema að annað sé tekið fram í lögnum. Þetta myndi þá svipa til þess að í lögum nr. 64/1994 er meginreglan að allir fuglar og landspendýr eru friðuð, en leyfilegt að veiða tilteknar tegundir




samkvæmt nánari reglum. Slík nálgun væri jafnframt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði umhverfismála. Í 4. gr. frumvarpsins eru veiðar leyfðar á öllum smáhvölum og eru þeir skilgreindir sem allar hvalategundir aðrar en skíðishvalir og búrhvalur. Þetta er sett fram án alls rökstuðnings um hvort stofnstærðir viðkomandi hvalastofna þola veiði eða ekki og án tillits til þess hvort um alfriðaðar tegundir á heimsvísu er að ræða sem koma koma inn í íslenska landhelgi. Þetta er einnig sett fram án tillits til þess hvort tegundir eru almennt verndaðar með einum eða öðrum hætt skv. samningum sem Ísland er aðili að s.s. Bernarsamningnum. Þetta þýðir að leyfilegt verður t. d. að veiða t.d. náhval, háhyrninga, alla höfrunga, hnísur o.s.frv. Í lögnum er ekki einu sinni taldar upp tegundir sem njóta alfriðunar núna eða ættu að njóta alfriðunar s.s. steypireiður. Það er heldur ekki ásættanlegt að svo virðist sem að allir hvalir aðrir en skíðishvalir og búrhvalur eigi að vera utan alls eftirlits og engin takmörk eru sett á veiðar tegundanna eftir vistfræði þeirra s.s. með tilliti til árstíma.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill sérstaklega benda á að svo virðist sem að löggin geri ekki ráð fyrir aðkomu umhverfisráðuneytisins eða stofnana þess t.d. Náttúrufræðistofnunar að umsögnum og ráðgjöf er varðar sjálfbæra nýtingu og vernd eða reglugerðum eða öðru er varðar framkvæmd framangreindra laga.

Loks telur Náttúrufræðistofnun að heiti laganna ætti að vera lög um hvalveiðar verði þau samþykkt þar sem löggin fjalla nær eingöngu um veiðar og ekki um vernd hvalastofna.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

